

JAFNRÉTTISÞING 2015 – HELSTU NIÐURSTÖÐUR ÚR MÁLSTOFUM

MÁLSTOFA 1: KYN OG FJÖLMIÐLAR

Ræðumenn í þessari málstofu voru konur úr heimi fjölmiðla, háskóla og atvinnulífs. Fjallað var um rannsóknir á hlut kvenna í fjölmiðlum, rætt hvernig konur birtast í fjölmiðlum og hvað er til ráða til þess að jafna hlut kvenna og karla í hópi stjórnenda og viðmælenda umræddra miðla.

Fjallað var um niðurstöður GMMP (Global Media Monitoring Project) sem er alþjóðleg fjölmiðlavöktun um hlut kynjanna í fjölmiðlum og sú eina sinnar tegundar. Vöktunin hefur verið gerð á fimm ára fresti frá árinu 1995 og tók Ísland þátt í annað sinn árið 2015. Fréttamiðlar 114 landa eru vaktaðir í einn dag og allar fréttir kóðaðar. Helstu niðurstöður árið 2015 fyrir Ísland eru þær að konur voru viðmælendur eða umfjöllunarefni í um 20% allra fréttar og fréttar- eða blaðamenn í um 30% tilfella umræddan dag. Á heildina litið hefur staðan lítið breyst frá því árið 2010 og búið er að leita ýmissa skýringa á dræmum hlut kvenna. Ekki er að sjá að konur séu síður viðmælendur í svokölluðum „hörðum“ fréttum en karlar og fréttakonur fjalla ekki síður um „hörð“ mál en karlkyns fréttamenn. Fréttakonur eru á hinn bóginn líklegri til að tala við konur en karlkyns starfsfélagar þeirra.

Rætt hvort konur veigri sér við að eiga samskipti við fjölmiðla og sagt frá fyrstu rannsókninni á hlut kvenna í sjónvarpsfréttum. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlakona fékk styrk árið 1966 til að framkvæma þá rannsókn sem stóð yfir í 20 ár. Árið 1966 var ekki rætt við neina konu í sjónvarpsfréttum en árið 1986 voru þær orðnar 13% viðmælenda. Í nýútkominni viðtalsbók, *Frú ráðherra* eftir Eddu Jónsdóttur og Sigrúnu Stefánsdóttur, eru í sérstökum kafla dregin fram viðhorf 20 fyrrverandi kvenráðherra til fjölmiðla. Í samantektinni kemur fram að konunum fannst erfitt að eiga samskipti við fjölmiðla og að fjölmiðlar höfðu meiri áhuga á að draga fram kyn þeirra, þ.e. útlit og fleira heldur en að leggja áherslu á vinnuframlag eða verkefni þeirra sem ráðherra. Þá var fjallað um kenningar um uppbyggjandi eða lausnamiðaða blaðamennsku (e. constructive journalism) sem nýja gerð blaðamennsku sem mögulegt tæki til að fjölga konum sem viðmælendum í fjölmiðlum. Grunnstefið í uppbyggilegri blaðamennsku eru lausnamiðaðar fréttir þar sem frekar er fjallað um lausnir vandamála og það sem vel gengur fremur en að einblína á neikvæðar fréttir.

Í málstofunni var einnig sagt frá fjölmiðlaverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) sem hófst haustið 2013 og stendur til ársloka 2017. Það tók við af öðru sambærilegu verkefni sem lauk árið 2013. Verkefnið felst í því að félagskonur eiga samstarf og uppbyggileg samtöl við fjölmiðla, stjórnmalafólk og háskólasamfélagið meðan verkefnið stendur yfir, konur fá þjálfun í að koma fram og kynningu á starfsumhverfi fjölmiðla auk þess að fara þangað í heimsóknir.

Í umræðum eftir framsögurnar var mikið rætt um hvar ætti að leita skýringa á viðvarandi bágum hlut kvenna í fjölmiðlum. Einnig var rætt um leiðir til þess að breyta hlutföllunum 30% konur á móti 70% körlum. Niðurstaðan var sú að hugsanlega þyrfti róttækari aðgerðir, svo sem talningu eða kvóta til þess að breyta stöðunni, en einnig þyrfti að breyta viðhorfi á fréttamiðlum. Þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að niðurstaðan er oft tilkomin vegna tilviljanakenndra þátta, til dæmis verklags og álags á fréttastofum, sem aftur kallar á nauðsyn þess að telja og vakta.

MÁLSTOFA 2: KYN OG KVIKMYNDIR

Í málstofunni var rætt um birtingarmyndir kynjanna í kvikmyndum og var í því sambandi skoðað hvort sjónvarpið væri einsleitt og sýndi sömu staðalmyndirnar árum saman. Ræðumenn voru sérfræðingar úr kvikmyndaiðnaðinum sem og menntun á sviði kvikmynda.

Farið var gróflega yfir kvikmyndasögu kvenna. Talað var um algengar mýtur um konur og kvikmyndir; að konur séu ekki fyndnar, konur geri kvennamyndir og að þær ráði ekki við álagið. Þá séu myndir eftir konur óárðbærari og að konur séu fáar og óáreiðanlegar í kvikmyndagerð þar sem vinnutíminn sé óheppilegur. Rætt var um neikvæða birtingarmynd kvenna í kvikmyndum og hve mjög þær móta skoðanir annarra um það hvernig hlutirnir eigi að vera. Rætt um nauðsyn aukinnar meðvitundar og þörf fyrir meiri umræður. Þá var rætt um mikilvægi þess að aðgengi að fjármagni verði jafnað og konum þannig gert kleift „að komast inn í klíkuna“ eins og sagt var.

Í málstofunni var einnig rætt um konur og kvikmyndanáám. Sagt var frá kynjahlutfalli í kvikmyndaskólanum; 30% kennara og 24–26% nemenda eru konur. Konum er þó að fjölga á sviði framleiðslugreina í skólanum. Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og nefnd voru dæmi um vænlegar leiðir til að auka hlut kvenna í skólanum, til dæmis sértæk verkefni, samstarf um kynningarmál, mikilvægi þess að hampa fyrirmyndum og fleira.

Í málstofunni var einnig haldið erindi um birtingarmyndir kvenna í kvikmyndum. Sagt var frá Bechdel-prófinu svokallaða og spurt hvort að það skipti máli. Því var svarað játandi; konur þurfa að geta speglað sig í efninu og konur eins og karlar eiga að geta komið sínum sögum á framfæri. Tímabær vitundarvakning er í kvikmyndaheiminum og kvikmyndafólk hefur þar veigamiklu hlutverki gegna við að breyta staðalmyndum með því að setja kynin í óhefðbundin hlutverk í myndum. Ýmislegt þarf að gera til að breyta stöðunni. Konur þurfa að koma meira að handritaskrifum og tókum og úthluta þarf styrkjum jafnt svo hægt sé að breyta kyni sögupersóna svo dæmi séu nefnd.

Eftir framsöguerindin hófust umræður þar sem fram kom að spennandi tímar væru framundan þar sem konur verða í auknum mæli gerendur í kvikmyndaheiminum. Að mörgu er samt að hyggja því konur eiga erfiðara með að festa sig í sessi í „bransanum“ bæði í framleiðslu og sem leikkonur. Fá hlutverk eru skrifuð fyrir konur og miðaldra konur eiga ekki upp á pallborðið hjá karlkyns jafnöldrum. Þá virðist það í tísku núna að kvenpersónur séu karllægar sem er umhugsunarvert. Auka þarf fjölbreytni.

MÁLSTOFA 3: KYN OG HATURSORÐRÆÐA

Í þessari málstofu voru flutt þrjú erindi sem öll fjölluðu mikið um ramma laganna. Einnig var rætt nokkuð um skilgreiningar á hugtökunum hatursorðræða, hatursræða og hrelliklám. Sérstaklega var fjallað um birtingarmynd þeirra á internetinu og í fjölmiðlum og þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir við að ná utan um tilvik sem fallið geta innan þessara skilgreininga.

Í málstofunni var sagt frá skýrslu Mannréttindaskrifstofu Íslands frá árinu 2013 sem ber heitið *Hatursorðræða. Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar* og farið yfir skilgreiningar á hugtakinu. Umræðurnar fjölluðu um tjáningarfrelsi, ákvæði hegningarlaga og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Einnig var fjallað um mikilvægi hlutverks fjölmiðla og ábyrgð þeirra við að vinna gegn hatursorðræðu sögð mikil. Rætt var um leiðir til að koma böndum á hatursorðræðu; þörf sé á heildstæðri stefnu frá stjórnvöldum og að refsþyngingarheimild vegna hatursorðræðu verði bætt við almenn hegningarlög. Þá þarf að auka rannsóknir og fræða stjórnvöld og almennig.

Í málstofunni var einnig sagt frá rannsókn um áhrif internetsins á mannréttindi, hatursorðræðu og hrelliklám. Hatursorðræða og hefndarklám/hrelliklám er ekki nýtt en með internetinu eykst sýnileiki og umfang vandamálsins. Engin heildarlöggjöf er til um internetið sem gerir efnið erfitt viðfangs, bæði lagalega og tæknilega.

Í málstofunni var einnig sagt frá hatursorðræðu frá sjónarhóli lögreglunnar og talað um mikilvægi þess að almenn hegningarlög nái utan um málaflokkinn. Farið var yfir nokkur mál og sagt frá frumkvæðisskyldu lögreglu sem sé í raun flókin í framkvæmd og að of mikil átök séu um heimildir um takmarkanir á tjáningarfrelsi. Í umræðum eftir framsöguerindin var mikið rætt um mátt internetsins, bæði til góðs og illis. Komið var inn á ranghugmyndir um störf lögreglu og áhrif ákvæða um tjáningarfrelsi. Með því að láta hatursorðræðu viðgangast, oft í skjóli tjáningarfrelsis, þá séum við að takmarka mjög tjáningarfrelsi þeirra sem hatursorðræðan bitnar á. Lögin þurfi að ná utan um vandann; vandinn felist þó ekki eingöngu í löggjöfinni sjálfri heldur einnig í framkvæmd og eftirfylgni laganna. Það vanti verulega fræðslu og vitundarvakningu, ekki síst meðal fjölmiðla.